

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu Sósíalístaflokks Íslands um framkvæmd greiningar á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík.

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 11. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík:

Tillaga um að framkvæma greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík. Lagt er til að Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð kalli eftir greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík frá viðeigandi sviðum. Staðan verði kortlögð svo hægt sé að sjá hve umfangsmikill ójöfnuðurinn er. Einnig verði greint frá því hvernig Reykjavíkurborg getur stuðlað að meiri jöfnuði.

Tillögunni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Í tillögunni er ekki tilgreint hvað leggja eigi til grundvallar greiningar, t.d. hvaða gögn eða mælitæki eigi að nota¹, hvort greiningin eigi að taka yfir þróun yfir tiltekið tímabil, hvort gera eigi samanburð við önnur sveitarfélög hérlendis eða erlendis, hvort ætlunin sé að finna leið til að greina og fylgjast reglulega með þróun á ójöfnuði í borginni, hvort greina eigi ójöfnuð niður á ákveðnar mismunabreytur (t.d. kyn, menntun, búseta, uppruni, fötlun) eða hvort ójöfnuður innan einhverra marka sé ásættanlegur.

Ójöfnuður er til staðar á Íslandi² og bendir ýmislegt til þess að hann fari vaxandi³. Ýmsar mælingar og rannsóknir eru til sem gefa okkur vísbendingar um stöðuna, en efnahagslegur ójöfnuður hefur margar birtingarmyndir og því þarf að skoða hann frá mörgum hliðum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er ekki kunnugt um að efnahagslegur ójöfnuður hafi verið greindur niður á sveitarfélög hérlendis, líkt og hefur t.d. verið gert á hinum Norðurlöndunum⁴, en líklegt verður að teljast að staðan í Reykjavík sé nokkuð svipuð og á Íslandi almennt, þar sem 63% íbúa landsins búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu⁵. Efnahagslegur ójöfnuður hefur

¹ Það eru margar leiðir til að greina og skoða efnahagslegan ójöfnuð og hafa þær allar sína kosti og galla, t.d. er hægt að skoða tekjudreifingu, laun og fjármagnstekjur, eignaskiptingu eftir tekjuhópum, kaupmátt, lágtekjuhluftfall og skort á efnislegum gæðum. Hægt er að notast við skattagögn eða úrtaksrannsóknir Hagstofunnar. Þá er hægt að nota mælitæki eins og Gini stuðulinn eða Palma hlutfallið.

² Sjá t.d. Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2017). *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna og eigna í fjölbjóðlegu ljósi*. Háskólaútgáfan.

³ Sjá t.d. Halla Gunnarsdóttir, Ásgeir Brynjar Torfason o.fl. (2021). *Efnahagsleg áhrif Covid-19. Covid kreppan og ójöfnuður á Íslandi. Skýrsla sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar um efnahagsleg áhrif veirufaraldurs*.

⁴ Sjá t.d. [State of the Nordic Region 2020](#)

⁵ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2023/>

víðtæk áhrif og hafa rannsóknir hérlendis sýnt fram á neikvæðar afleiðingar efnahagslegs ójafnaðar, t.d. hvað varðar líkamlega og andlega heilsu^{6,7,8,9} og félagslega virkni barna^{10,11}.

Nú þegar er í vinnslu hjá borginni rannsókn á félagslegu landslagi í Reykjavík út frá dreifingu lífskjara, með áherslu á tekjur og eignir¹². Nýleg rannsókn á stéttaaðgreiningu milli skólahverfa á höfuðborgarsvæðinu sýndi að menntunar- og efnahagsauður hefur í auknum mæli safnast í ákveðin hverfi á höfuðborgarsvæðinu¹³.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur best að nýta þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar og telur ekki líklegt að svið borgarinnar bæti við þá fræðipækkingu sem þegar er til um málefnið. Slík greining kallar á víðtæka þekkingu á efnahagslegum og félagslegum ójöfnuði sem svið borgarinnar búa ekki endilega yfir og aðgang að gögnum sem ekki er safnað af borginni.

Þar sem til eru rannsóknir á efnahagslegum ójöfnuði á Íslandi, og verið er að vinna greiningu á dreifingu lífskjara í Reykjavík, væri mögulega markvissara að einbeita sér að því að skoða til hvaða aðgerða Reykjavíkurborg getur gripið til að hafa áhrif í átt að auknum jöfnuði og félagslegu réttlæti, með hliðsjón af fyrirliggjandi þekkingu um ójöfnuð á Íslandi og neikvæð áhrif hans.

Til að hrinda slíku í framkvæmd væri hægt að fá sérfræðing sem hefur þekkingu á félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði til að vinna tillögur að leiðum til að auka jöfnuð. Sérfræðingurinn ynni þær í samvinnu við starfsfólk borgarinnar byggt á sérþekkingu sinni á málefninu og þekkingu starfsfólks á aðstæðum og þeim leiðum sem eru færar sveitarfélaginu. Þetta myndi fela í sér einhvern kostnað fyrir sérfræðivinnu. Kostnaðurinn færi eftir umfangi greiningarinnar en væri líklega á bilinu 1-2 milljónir, að því gefnu að verkefnið sé vel skilgreint og samstarf viðeigandi starfsfólks borgarinnar tryggt, t.d. með stofnun starfshóps með fulltrúum frá viðeigandi sviðum. Þetta myndi auka á skilvirkni vinnunnar og efla þekkingu starfsfólks á efninu. Þá er mikilvægt að mannréttindastefna borgarinnar verði höfð til hliðsjónar í allri vinnunni.

Með kveðju,

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

⁶ Margrét Einarsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Kristín Heba Gísladóttir. (2022). Vægi fjárhagsþrenginga í áhættu á þunglyndiseinkennum hjá launafólki á Íslandi á tímum kórónuveirunnar. *Íslenska þjóðfélagið*, 13(1).

⁷ Huguín Snorradóttir. (2021). *Inequality in Health? Neighborhood Perspective and Neighborhood Effect on Self-Rated Health in Reykjavík*. Meistararitgerð. Háskóli Íslands.

⁸ Ársæll Már Arnarsson. (2020). Félagslegur ójöfnuður og sálíkamlegar umkvartanir unglunga 2006-2018. *Tímarit um uppeldi og menntun*. 28(2).

⁹ Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, Hildur Björk Sigbjörnsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson. (2021). *Ójöfnuður í heilsu á Íslandi. Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta*. Embætti landlæknis.

¹⁰ Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra – velferð barna. *Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar*, 2015(8).

¹¹ Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2019). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi: Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina*. Edda Öndvegissetur.

¹² sjá <https://reykjavik.is/graena-planid/felagslegt-landslag>

¹³ Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunaraúðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997-2016. *Tímarit um stjórnmal og stjórnarsýslu*. 16(2)